

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 450/2017, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi:
Nefndin skal enn fremur gæta þess að umsóknir uppfylli skilyrði ákvæða 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 um almenna hópundanþágu frá tilkynningarskyldu, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Telst nefndin vera „veitingarvald“ í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 um almenna hópundanþágu frá tilkynningarskyldu.

3. gr.

Í stað orðsins „ráðuneytinu“ í 2. málslíð g-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: nefnd um endurgreiðslur.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr. laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi nr. 43/1999 og öðlast þegar gildi.

Meningar- og viðskiptaráðuneytinu, 27. júní 2024.

F. h. r.
Ingvi Már Pálsson.

Brynja Stephanie Swan.